



# Allegro

SUZUKI TÓNLISTARSKÓLI



## Starfsáætlun 2018-2019

*Skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á grundvelli reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla*

Inngangur .....	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár .....	3
<i>Nemendafjöldi</i> .....	3
<i>Kennarar</i> .....	3
<i>Skóladagatal</i> .....	4
<i>Helstu viðburðir</i> .....	4
<i>Samstarf</i> .....	5
Yfirlit yfir kennslu nemenda.....	5
<i>Kennslumagn</i> .....	5
<i>Kennsluhættir</i> .....	5
<i>Kennslustaðir</i> .....	5
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans .....	5
Áhersla á gæði .....	6
Hlustun og sköpun .....	6
Sérmenntun kennara .....	6
Mat á starfsemi skólans .....	6
Námsáfangar og námsmat.....	6
<i>Innra mat</i> .....	6
<i>Ytra mat</i> .....	6
Lykiltölur starfseminnar .....	7
<i>starfsmannahald</i> .....	7
<i>tónleikahald</i> .....	7
Hvernig skólinn framfylgir stefnu reykjavíkurborgar .....	7
lokaorð.....	7

## INNGANGUR

Allegro Suzukitónlistarskóli var stofnaður í október 1998 af foreldrum og kennurum. Skólinn heldur því upp á 20 ára afmælið haustið 2018. Hann er rekinn af Samtökum um Allegro Suzukitónlsk og er skólastjórn skipuð stjórn félagsins. Formaður skólanefndar er Brynja Margeirsdóttir, núverandi skólastjóri er Kristinn Örn Kristinsson og aðstoðarskólastjóri Lilja Hjaltadóttir.

Til stendur að breyta rekstrarformi skólans haust og stofna einkahlutafélag um reksturinn.

## ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

### NEMENDAFJÖLDI

Áætlaður nemendafjöldi næsta vetur er um 80-85 nemendur, það er nokkur fjölgun frá síðasta ári. Þegar þetta er ritað hafa verið innritaðir 39 nemendur á fiðlu, 31 á píanó og þrír lágfiðlunemendur. Nokkuð langur biðlisti er til staðar, en svo vill til að þar eru nær eingöngu óskir um píanónám, en við getum núna bætt við okkur fiðlunemendum!

Aðeins eru nemendur á forskóla- og grunnskólaaldri í skólanum.

### KENRARAR

Kennarar skólaárið 2016-2018 verða:

Kristinn Örn Kristinsson, skólastjórn, píanó og meðleikur

Lilja Hjaltadóttir, aðstoðarskólastjórn, fiðla og fiðluhóptímar

Brynhildur Ásgeirsdóttir, píanó, meðleikur og píanóhóptímar

Dhrissie Thelma Guðmundsdóttir, fiðla og nótnalestur

Guðmundur Kristmundsson, fiðla, víóla, fiðluhóptímar og kammertónlist

Gyða Halldórsdóttir, píanó, píanóhóptímar og tónfræði

Gróa Margrét Valdimarsdóttir, fiðla, fiðluhóptímar og hljómsveit

Helga Steinunn Torfadóttir, fiðla

## SKÓLADAGATAL

Skóladagatalið miðast við 35 starfsvikur ásamt vinnudögum fyrir og eftir kennslutímabil. Kennsludagar eru 171 og vinnudagar innan kennslutímabils fjórir. Dagatalið fylgir að mestu vetrarfrídögum grunnskólanna. Reynt er að taka tillits til þess að nemendur koma aðeins einu sinni í viku í einkatíma og því er mikilvægt að ekki sé mikill munur á tímafjölda nemenda eftir á hvaða dögum þeim er kennt.

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

### Tónlistarskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: **Allegro Suzukiónlistarskóli**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	
1 M	1 L	Hálmiddagur 1	1 M	1 F	1 L	Hálmiddagur	1 F	1 M	1 M	Hálmiddagur	1 L
2 F	2 S		2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 M	3 M		3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 Þ
5 S	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	Hálmiddagur 2	5 Þ	5 M	5 S	5 M	5 M
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 F
8 M	8 L	8 M	8 Þ	8 F	8 S	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 L
9 F	9 Þ	9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 F	10 M	10 M	10 L	Hálmiddagur 3	10 Þ	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	Hálmiddagur 4	11 Þ
12 M	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M
13 M	13 F	Hálmiddagur 4	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 F
15 M	15 L	Hálmiddagur 2	15 M	15 F	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L
16 F	16 S	Dagur til minna á milli	16 Þ	16 F	16 M	16 L	16 L	Hálmiddagur 11	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 Þ	17 S	17 S	17 M	17 F	17 F	17 M
18 Þ	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 Þ
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	Hálmiddagur 9	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 F
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 L
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 S
24 F	24 M	24 M	24 L	Hálmiddagur 7	24 Þ	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 L	Hálmiddagur 10	25 Þ
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 M	26 F	26 M
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L
29 M	29 L	Hálmiddagur 2	29 M	29 F	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 Þ	29 L
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 S
31 F		31 M		31 M	31 F	31 S	31 S		31 F	31 F	31 F

## HELSTU VIÐBURÐIR

Skólaárið verður með hefðbundnu sniði með kammerviku, reglulegum tónleikum og hóptímum, stærri tónleikum þar sem allir nemendur skólans koma fram fyrir jóla og við skólalok, uppskerutónleikum og útskriftartónleikum. Ekki er búið að tímasetja alla viðburði.



## SAMSTARF

Reiknað er með samstarfi við Tónlistarskóla Árnessýslu varðandi heimsóknir og hljómsveitarsamstarf. Samstarf hefur verið við Tónlistarskólann í Reykjavík, nú MÍT, með hljómsveitarmál og tónfræði.

## YFIRLIT YFIR KENNSLU NEMENDA

### KENNSLUMAGN

Áætlun næsta skólaárs gerir ráð fyrir um 50-55 tíma kennslu á viku, eða um 1750-1900 uppreiknuðum grunnnámstundum.

### KENNSLUHÆTTIR

Suzukiaðferðin byggir á blöndu af einkatímum og hóptímum. Kennslutími hvers einstaklings var minnkaður vegna hagræðingarkrafna Reykjavíkurborgar fyrir nokkrum árum. Því fá nú nemendur almennt á grunnstigi hálf tíma einkakennslu, á miðstigi 45 mínútur og á framhaldsstigi 60 mínútur. Þegar verið er að undirbúa nemendur fyrir áfangapróf er þetta ekki nægilegur tími, og viljum við gjarna bæta þar úr. Hóptímar eru hálfsmánaðarlega og eru að jafnaði 45-60 mínútur. Ekki er um venjulegan forskóla að ræða, heldur byrja börnin mjög ung í hljóðfæranámi með aðstoð foreldra. Tónlistin er lærd eftir eyra í byrjun, nótnalestur er kenndur síðar.

### KENNSLUSTAÐIR

Kennsluhúsnæðið á Langholtsvegi 109-111 er bjart og vistlegt, nokkuð hljóðbært er milli herbergja en þó ekki svo að veruleg truflun sé að. Góð reynsla er á samstarfi við Karlaórin Fóstbræður um nýtingu salar þeirra á hóptímadögum, og verður það samstarf áfram næsta ár.

## HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

Meginmarkmið skólans er að veita ungum nemendum vandaða kennslu með uppeldishugmyndir og kennslufræði japanska fiðluleikarans Shinichi Suzuki að leiðarljósi.

Með því er verið að gefa foreldrum kost á :

- tónlistarnámi fyrir börn sín þar sem rækt er lögð við jákvæða samvinnu og samveru foreldra og barna.
- að senda börn sín í markvisst tónlistarnám yngri en ella.
- tónlistarnámi þar sem markviss hlustun er notuð til að auka tónlistarþroska barnanna og tónnæmi.
- tónlistarnámi þar sem áhersla er lögð á vandaða tækni og fallega tónmyndun
- tónlistarnámi sem er byggt á þeirri meginhugsun að öll börn geti lært

---

## ÁHERSLA Á GÆÐI

Skólinn leggur höfuðáherslu á fagleg vinnubrögð og gæði í hvívetna, bæði hvað varðar túlkun tónlistar, tækni og samvinnu kennara og foreldra. Allir kennarar eru virkir í enbdurmenntun og þjálfun Suzukikennara verður í auknum mæli í samstarfi við skólann.

---

## HLUSTUN OG SKÖPUN

Hlustun er grunnatriði allrar Suzukikennslu og lykilatriði í þjálfun á flutningi tónlistar. Auk þess að einbeita sér að flutningi tónlistar verður leitast við að opna nemendum og foreldrum undraheim sígildrar tónlistar sem virkra hlustenda, og gera þá betur færa um að njóta hughrifa hennar á fjölbreyttan hátt. Sköpun og spuni er í auknum mæli viðfangsefni tónlistarkennara og er einkum sinnt í tónfræðikennslunni og hjá hljóðfærakennurum við undirbúning grunnprófa.

---

## SÉRMENNTUN KENNARA

Sérmenntun kennara er nauðsyn. Réttindi til að kenna eftir Suzukiaðferðinni eru veitt samkvæmt prófreglum Evrópska Suzukisambandsins. Flestir kennaranna hafa einnig reynslu sem Suzukiforeldrar. Tveir kennarar skólans hafa réttindi til að þjálfa Suzukikennara og fer æfingakennsla suzukikennaranema gjarna fram í tengslum við starf skólans. Sú þjálfun hefur verið á vegum Íslenska Suzukisambandsins en verður nú í formi sjálfstæðra námskeiða á ábyrgð viðkomandi kennara.

## MAT Á STARFSEMI SKÓLANS

---

### NÁMSÁFANGAR OG NÁMSMAT

**ÚTSKRIFTIR ÚR BÓKUM** fara fram í formi sérstakra útskriftartónleika. Nemandinn leikur lög sem hann hefur dregið úr námsefninu og útskriftarlag og fær skriflega umsögn. Foreldrar og nemendur gleðjast saman yfir áfanganum og skólinn gefur öllum nemendum útskriftargjöf.

**ÁFANGAPRÓF** eru tekin samkvæmt námskrám Menntamálaráðuneytisins, þ.e. grunnpróf og miðpróf í samræmi við gildandi greinanámskrár í tónlist og með aðfengnum prófdómurum. Stundum eru tekin stigspróf á milli áfangaprófa.

### INNRA MAT

**FORELDRAVIÐTÖL** fara fram reglulega. Þar er rædd staða mála, framtíðarmarkmið og hvernig auka megi gæði námsferilsins.

**GÆÐI STARFSINS** eru reglulega rædd á kennarafundum og svo og leiðir til betri árangurs.

**UMSAGNIR** fá nemendur í hendur eftir veturinn, þar sem lagt er mat á árangur og ástundun, samvinnu við foreldra, og gefið upp mætingarhlutfall í hóptíma.

### Ytra mat

**PRÓFANEFND** Skólinn sendir árlega hóp nemenda í áfangapróf á vegum prófanefndar og einnig í samræmd tónfræðipróf og mun halda því áfram. Meðaleinkunnir úr áfangaprófum hafa undanfarin ár verið um og yfir 9.

## LYKILTÖLUR STARFSEMINNAR

Kenndir tímar eru áætlaðir 56 á viku.

## STARFSMANNAHALD

### Áætlaður fjöldi kennara og stöðugildi 2018-2019

	Fjöldi	Stöðugildi
Karlar:	2	1,3
Konur:	6	2,7
Samtals	7	4,0

## TÓNLEIKAHALD

Tónleikahald er fyrirhugað á svipuðum nótum og áður, laugardagstónleikar hálfsmánaðarlega, reiknað er með að hver nemandi komi fram að minnsta kosti einu sinni á önn, tvennir stærri tónleikar með öllum nemendum, svo og útskriftartóleikar sem eru tvískiptir, bæði fyrir og eftir jól.

## HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Í skýrslu starfshóps um stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík frá maí 2011 kemur einkum fram að skólar skuli starfa samkvæmt námskrám tónlistarkóla, enda eru þær góðar þrátt fyrir að kominn sé tími á endurskoðun. Allegro fylgir þeim eftir bestu getu. Við getum ekki kennt inni í grunnskólum á skólatíma, þar sem okkur nemandur eru dreifðir um alla borg, við erum með nemendur úr nær öllum pósthúsum Reykjavíkur, og auk þess frá nokkrum nágrannasveitarfélögum. Auk þess þurfum við að fá foreldra með í tíma barnanna.

## LOKAORÐ

Við þökkum fyrir veittan styrk á liðnum árum. Ánægjulegt er nú að hafa þjónustusamning til þriggja ára.

Óskastaða okkar væri fá styrk til að geta stækkað skólann í ca 100-120 nemendur. Það væri hagkvæmari rekstareining, og betri nýting húsnæðis, án þess að persónulegri þjónustu sé fórnað. Við viljum ekki hafa skólann of stóran þar sem við leggjum meiri áherslu á gæði en hagkvæmni í rekstri. Við erum hinsvegar tilbúin að skoða samrekstur eða sameiningu með skólum sem hafa sama metnað og við.

Okkur þykir ástæða til að Reykjavíkurborg skoði gæði þeirrar þjónustu sem skólar bjóða upp á og árangur skólanna. Hvers vegna mega ekki gæði spila inni í úthlutun styrkja til skóla, í stað þess að einblína eingöngu á sögulegar hefðir? Um meira en 10 ára skeið hefur Allegro Suzukitónlistarkólinn aldrei fengið neina viðurkenningu í fjárveitingum vegna kennslu á miðstigi og framhaldsstigi, fyrir utan smábrot af kostnaði við framhaldsstig frá jöfnunarsjóði. Alltaf voru styrkir miðað við 55 nemendur í grunnstigi, og þótt úthlutunarfyrirkomulag hafi nú breyst, er grunnviðmiðunin enn byggð á þeirri krónutölu er fyrri grunnnemendastyrkir námu.

Við erum ekki á því að stefna sem ég vil kalla „allir að prófa og smakka“ sé góð stefna í tónlistarkennslumálum tónlistarskóla. Til þess mætti frekar stórauka almenna tónlistarkennslu í leik- og grunnskólum, og raunar teljum við tónlistarkennslu í leikskólum afara miilvæga, og að henni mætti sinna mun faglegar en oft er raunin. Alvöru hljóðfærakennsla þar sem gerðar eru þær kröfur til nemenda er þeir standa undir, er það sem við viljum standa fyrir, sem er þroskandi bæði fyrir huga og hönd. Suzukiheimspekin byggir á aga og metnaði á jákvæðum nótum og umfram allt mannrækt í gegnum tónlistina.

Nemendur okkar sem hafa í grandaleysi flutt milli sveitarfélaga hafa lent í því að fá þvert nei um styrk vegna tónlistarnáms í öðrum sveitarfélaögum. Enda þótt nú fjölgi skólum sem bjóða upp á Suzukinám, sem er frábært, er ekkert óeðlilegt að sumir foreldrar vilji sjá börn sín í stærri og rótgrónari skólum þar sem árangur er meiri, þar sem fyrirmyndir eru sterkari, og sterkara samfélag Suzukiforeldra ríkir. Að banna þeim það þykja okkur brot á mannréttindum. Auk þess er enn dæmi um nágrannasveitarfélag sem neitar íbúum um styrk til að sækja Suzukinám, enda þótt viðkomandi sveitarfélag bjóði ekki upp á slíka kennslu!

Reykjavík, 14. júní 2018



Kristinn Örn Kristinsson, skólastjóri





# Allegro

SUZUKI TÓNLISTARSKÓLI

## STARFSSKÝRSLA 2017-2018



*Skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á grundvelli reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla*

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
Umfang starfsins.....	3
<i>Nemendafjöldi og Kennslumagn</i> .....	3
<i>Kennarar og starfsfólk</i> .....	4
<i>Skóladagatal</i> .....	4
<i>Helstu viðburðir – tónleikar, heimsóknir og fleira</i> .....	4
<i>Annað</i> .....	5
<i>Kennsluhættir</i> .....	5
<i>Kennslustaður og búnaður</i> .....	6
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans .....	6
<i>Áhersla á gæði</i> .....	6
<i>Sérmenntun og endurmenntun kennara</i> .....	7
<i>Hlustun og sköpun - Tengsl við tónlistarlífið</i> .....	7
Mat á starfsemi skólans og námsárangri .....	7
<i>Námsáfangar og námsmat</i> .....	7
Lokaorð.....	8

## INNGANGUR

Allegro Suzukitónlistarskóli var stofnaður í október 1998 af foreldrum og kennurum sem ekki gátu lengur starfað við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins. Hann er rekinn af félagi um rekstur Allegro og er skólastjórn skipuð stjórn félagsins. Formaður skólanefndar er Brynja Margeirsdóttir, núverandi skólastjóri er Kristinn Örn Kristinsson og aðstoðarskólastjóri Lilja Hjaltadóttir

## UMFANG STARFSINS

### NEMENDAFJÖLDI OG KENNSLUMAGN

Um 76 nemendur stunduðu nám við skólann veturinn 2017-2018. Það er svipað og síðasta ár. Grunnstignemar voru 57, miðstignemar 14, og 4 nemendur í framhaldsstigi, þar af einn í fullgildu framhaldsnámi. Stefna skólans sú að senda nemendur framhaldsstigs áfram í umhverfi sem hæfir því stigi betur og þar sem nemendur hafa fyrirmyndir fyrir ofan sig. Við gerum undantekningu á þessu ef nemendur eru mjög ungir. Í grunnstigi voru 27 á píanó, 27 á fiðlu og 2 á víólu. Í miðstigi eru nú 11 fiðlunemendur, 3 píanónemendur og 1 víólunemandi. Í framhaldsstigi eru 3 fiðlunemendur og 1



píanónemandi. Kynjahlutfall nemenda var 23% drengja á móti 77% stúlkna.

Nemendur skólans eru allir á forskóla- og grunnskólaaldri, eða á aldrinum 3-15 ára. Stefna okkar hefur verið að senda nemendur áfram í aðra skóla, um leið og þeir ljúka grunnskóla, eða fyrr. Flestir hafa haldið áfram námi við Tónlistarskólann í Reykjavík, en nokkrir einnig við Tónskóla Sigursveins.

Nemendur búsettir í Reykjavík koma úr öllum pósthúsum borgarinnar nema 111 og 116 en einnig eru 16 nemendur úr nágrennasveitarfélögunum.

Kenndar voru um 57 klukkustundir á viku. Fjöldi kennslustunda var um 2061 og uppreiknaðar grunnnámsstundir 2335. Skipting stunda eftir kennslustigum var um 66% í grunnstigi, 26% í miðstigi og rúm 8% í framhaldsstigi. Allir nemendur fá að minnsta kosti hálf tíma í einkakennslu og hóptíma hálfsmánaðarlega. Nemendur í miðstigi fá 45 mínútna kennslutíma og nemendur í framhaldsstigi fá 60 mínútur. Sú tímaskipting er síðan í hrúninu, þegar kennslumagn var skorið niður en við metum tímaþörf nemenda ef verið er að undirbúa áfangapróf.

Tónfræðikennsla hefst yfirleitt um níu ára aldur, en fer þó svolítið eftir þroska og hve langt nemendur eru kominn í hljóðfæranáminu. Nemendur ljúka grunnprófi í tónfræðum á þrem árum og tveim árum síðar miðprófi sem er samræmt próf á vegum prófanefndar tónlistarskóla. Nemendur fá klukkutíma á viku í tónfræði fyrstu tvö árin, en síðan 1,5 klukkustund á viku.

Fiðlusveitir og samspilshópar voru starfandi fyrir fiðlunemendur og nokkuð var um samþil fiðlu- og píanónemenda.

## KENRARAR OG STARFSFÓLK

Kennarar skólaárið 2016-2017 voru:

Kristinn Örn Kristinsson, skólastjórn, píanó og meðleikur  
Lilja Hjaltadóttir, aðstoðarskólastjórn, fiðla, hóptímar og strengjasveit  
Brynhildur Ásgeirsdóttir, píanó, meðleikur og hóptímar  
Guðmundur Kristmundsson, fiðla, víóla, hóptímar, strengjasveit  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir, fiðla og strengjasamspil  
Gyða Halldórsdóttir, píanó, tónfræði, hóptímar  
Helga Steinunn Torfadóttir, fiðla

Fjöldi kennara var því sjö, tveir karlar og fimm konur en stöðugildin voru samtals 4 – þar af 3,24 stöðugildi í kennslu en 0.77 í stjórnun. Auk þess starfar bókari/gjaldkeri við skólann sem sér um bókhald og launagreiðslur svo og ræstítækni.

## SKÓLADAGATAL

Starfstími skólans er 35 vikur auk vinnudaga á undan og eftir kennslutímabili.

Fyrsti vinnufundur voru síðla ágúst 2017 og fyrsti kennsludagur var miðvikudagurinn 30. ágúst. Síðasti kennsludagur var 31. maí 2018 en starfi með nemendum lauk með lokatónleikum í Langholtskirkju þann 1. júní.

## HELSTU VIÐBURÐIR – TÓNLEIKAR, HEIMSÓKNIR OG FLEIRA

### TÓNLEIKAR

Reglulegir tónleikar voru alla hóptímalaugardaga, alls 15 talsins, og er stefna skólans að allir nemendur komi fram að minnsta kosti einu sinni á önn á slíkum tónleikum. Auk þess er reynt að virkja alla nemendur á jóla- og vortónleikum, bæði fiðlu- og píanónemendur. Auk þess voru venjubundnir útskriftartónleikar. Ennfremur héldu tvær ungar stúlkur sjálfstæða kveðjutónleika frá skólanum. Alls voru haldnir um 25 tónleikar á skólaárinu.



Allegro tók einnig þátt í svæðistónleikum Nótunnar. Ennfremur tóku nemendur úr Allegro þátt í fjáröflunartónleikum íslenska Suzukisambandsins. Píanónemandi tók líka þátt í verkefninu „Píanó Plús“ með öllum þeim meistaranámskeiðum og tónleikum sem því fylgdi.

## MASTERKLASSAR, NÁMSKEIÐ OG KEPPNIR

Masterklass var haldinn í skólanum fyrir lengra komna fiðlunemendur þar sem leiðbeinandi var Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari. Nemendur úr Allegro taka einnig þátt í Alþjóðlegu Tónlistarakadémiunni í Hörpu og Námskeiði Íslenska Suzukisambandsins í júní. Nokkur hópur mun einnig taka þátt í Tónlistarhátíð Unga fólksins í Kópavogi í ágúst og alþjóðlegu sumarnámskeiði London Suzuki Group í Bryanston í Englandi í lok ágúst.



Emilía Árnadóttir tók þátt í alþjóðlegu Oscar Reading fiðlukeppninni, spilaði til úrslita og hlaut þriðju verðlaun.

Ásta Dóra Finnsdóttir, píanónemandi i Allegro tók þátt í alþjóðlegu píanókeppninni "Young Pianist of the North" í Newcastle og í „Primavera Pianistica“ keppninni í Belgíu. Hún hlaut 1. verðlaun í sínum aldursflokki í Newcastle og 2. verðlaun í Belgíu.

## FORELDRAFÉLAGIÐ

Foreldrafélag skólans sér um kaffiumsjón alla hóptímadaga, foreldrar skipta með sér verkum. Félagið stóð einnig fyrir Zumba dansnámskeiði í mars.

## ANNAÐ

### KENNARANÁM

Suzukikennaranám á vegum íslenska Suzukisambandsins hefur að miklu leyti farið fram innan veggja Allegro þar sem stjórnendur skólans eru með réttindi til að þjálfá Suzukikennara. Næsta vetur verður samstarfið nánara þar sem námskeiðin verða nú á ábyrgð kennaranna en ekki undir hatti Suzukisambandsins.



### HOLLVINAFÉLAG ALLEGRO

Hollvinafélag Allegro er starfandi og hefur stutt við starfið í gegnum árin með ýmsum viðburðum og styrkjum

## KENNSLUHÆTTIR

Suzukiaðferðin byggir á blöndu af einkatímum og hóptímum. Kennslutími hvers einstaklings var minnkaður í kjölfar kreppu vegna hagræðingarkröfu Reykjavíkurborgar. Því fá nú nemendur á grunnstigi að jafnaði hálf tíma einkakennslu, sem er of lítið þegar verið er að undirbúa grunnstig, nemendur á miðstigi 45 mínútur og nemendur á framhaldsstigi 60 mínútur. Síðari hluta vetrar var kennslutíminn aukinn um korter hjá þeim nemendum sem stefndu að áfanga- eða stigsprófum. Hóptímar eru hálfsmánaðarlega og eru að jafnaði 45-60 mínútur. Ekki er um venjulegan forskóla að ræða, heldur byrja börnin mjög ung í hljóðfæranámi með aðstoð foreldra. Tónlistin er lærd eftir eyra í byrjun, nótnalestur er kenndur síðar.



## KENNSLUSTAÐUR OG BÚNAÐUR



Húsnæðið á Langholtsvegi 109-111 reynist okkur vel og samstarfið við Karlakórinn Fóstbræður um nýtingu salarkynna þeirra á hóptímadögum hefur gefist vel. Tónfræðistofan er búin góðum hljómflutningstækjum og sumir kennarar nýta farsíma eða spjaldtölvur ásamt þráðlausum hátölurum við kennsluna.

Reynt hefur verið að bæta í varðandi viðhald hljóðfæra eftir niðurskurð kreppunnar, og einnig hafa tölvur verið endurnýjaðar..

## HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

Meginmarkmið skólans er að veita ungum nemendum vandaða kennslu með uppeldishugmyndir og kennslufræði japanska fiðluleikarans Shinichi Suzuki að leiðarljósi.

Með því er verið að gefa foreldrum kost á :

- tónlistarnámi fyrir börn sín þar sem rækt er lögð við jákvæða samvinnu og samveru foreldra og barna.
- að senda börn sín í markvisst tónlistarnám yngri en ella.
- tónlistarnámi þar sem markviss hlustun er notuð til að auka tónlistarþroska barnanna og tónnæmi.
- tónlistarnámi þar sem áhersla er lögð á vandaða tækni og fallega tónmyndun
- tónlistarnámi sem er byggt á þeirri meginhugsun að öll börn geti lært

## ÁHERSLA Á GÆÐI

Skólinn leggur höfuðáherslu á fagleg vinnubrögð og gæði í hvívetna, bæði hvað varðar túlkun tónlistar, tækni og samvinnu kennara og foreldra. Nemendur fara hver á sínum hraða, en það þýðir ekki að í lagi sé að sinna ekki náminu. Við erum mjög ákveðin í því að foreldrar og börn verði að sinna náminu vel og sækja alla hóptíma og aukagreinar. Ef það er ekki fyrir hendi höfum við bent fólki á að sækja heldur einkatíma í hljóðfæraleik, fremur en að nýta sér námsframboð sem er niðurgreitt af skattfé samborgaranna. Þetta er enn brýnna þegar skólinn er orðinn minni.

Meðal þess sem lögð hefur verið aukin áhersla á er að hlustun sé ekki vanrækt, né heldur upprifjun. Þessir þættir eru mikilvægir bæði til að þjálfra tónminni og að auka gæði hljóðfæraleiksins. Skortur á upprifjun og hlustun verður til þess að bestu eiginleikar Suzukinámsins njóta sín ekki, og raunar má segja að ekki sé um eiginlegt Suzukinám að ræða ef þessir þættir eru vanræktir. Sem hjálpartæki hefur verið nýttur í auknum mæli sá möguleiki að æfa með diskum, á mismunandi hraða, með hjálp sérstakra forrita.

Við höfum líka lagt áherslu á að allir kennarar fylgist með því sem er á döfinni og fari og fylgist með kennslu hjá öðrum kennurum og á námskeiðum héraendis sem erlendis.

## SÉRMENTTUN OG ENDURMENTTUN KENNARA

Sérmenntun Suzukikennara er nauðsyn. Réttindi til að kenna eftir Suzukiaðferðinni eru veitt samkvæmt prófreglum Evrópska Suzukisambandsins. Flestir kennarar Allegro hafa einnig reynslu sem Suzukiforeldrar, það er tvímælalaust kostur. Stjórnendur skólans hafa réttindi til að þjálfa Suzukikennara, og eru eftirsóttir við kennslu erlendis, tveir kennarar til viðbótar eru komnir með öll fimm stigin, og aðrir kennarar hafa haldið áfram að bæta við sig.

## HLUSTUN OG SKÖPUN - TENGSL VIÐ TÓNLISTARLÍFIÐ

Auk þess að einbeita sér að flutningi tónlistar er leitast við að opna nemendum og foreldrum undraheim sígildrar tónlistar sem virkra hlustenda, og gera þá betur færa um að njóta hughrifa hennar á fjölbreyttan hátt. Í fréttabréfum skólans er gjarna vakin athygli á áhugaverðum tónleikum. Stundum er um að ræða tónleika þar sem fyrrverandi nemendur Allegro koma fram, svo sem tónleika ungra einleikara hjá Sinfóníuhljómseit Íslands eða tónleika Ungfóníu.

Sköpun og spuni er í auknum mæli viðfangsefni tónlistarkennara og er þeim hluta námsins ekki síst sinnt í tónfræðitímum. Allir nemendur skólans sem tekið hafa grunnpróf hafa líka leikið frumsamda tónlist í vali, sem þeir hafa unnið undir handleiðslu kennara sinna.

## MAT Á STARFSEMI SKÓLANS OG NÁMSÁRANGRI

### NÁMSÁFANGAR OG NÁMSMAT

**ÚTSKRIFTIR ÚR BÓKUM** fara fram í formi sérstakra útskriftartónleika. Nemandinn leikur lög sem hann hefur dregið úr námsefninu og sérstakt útskriftarlag og fær skriflega umsögn. Foreldrar og nemendur gleðjast saman yfir áfanganum og skólinn gefur öllum nemendum útskriftargjöf. Útskriftir úr bókum í vetur voru 35 og einn nemandur útskrifuðist úr tveim bókum á sama skólaári.



Þess má geta að sú hefð hefur myndast að nemendur sem útskrifast úr bók 3 píanó og bók 4 eða 7 á fiðlu leika einleik með strengjakvartett. Þess má einnig geta að einleikstónleikarnir á Barnamenningarhátíð voru útskriftartónleikar úr sjöundu píanóbók, sem er sú síðasta af útgefnu staðalefni.

**ÁFANGAPRÓF** eru tekin samkvæmt námskrám Menntamálaráðuneytisins, þ.e. grunnpróf og miðpróf í samræmi við gildandi

greinanámskrár í tónlist og með aðfengnum prófdómurum. Stundum eru tekin stigspróf á milli áfangaprófa.

Tíu nemendur þreyttu samræmd áfangapróf á vegum prófanefndar í vetur. Þrjú fiðlunemendur, fjórir píanónemendur og einn víólunemandi tóku grunnpróf og tveir fiðlunemendur miðpróf. Meðaltal einkunna úr þessum samræmdu prófum prófanefndar var 9.

Fimm fiðlunemendur tók 4. stigspróf. Einnig tóku ellefu nemendur áfangapróf í tónfræði, sjö grunnpróf og fjórir miðpróf, en miðprófið er samræmt próf yfir allt landið.

**FORELDRAVIÐTÖL** fara fram að jafnaði einu sinni á vetri. Enda þótt foreldrar mæti í alla tíma er mjög gagnlegt að hitta foreldra án barnanna, iðulega kemur ýmislegt fram sem gott er fyrir kennarann að vita um. Auk þess eru viðtölin vettvangur til að ræða stöðu mála, fara yfir framtíðarmarkmið og skoða hvernig auka megi gæði og gleði í námsferlinu.

**GÆÐI STARFSINS** eru reglulega rædd á kennarafundum og svo og leiðir til betri árangurs. Kemur þar oft til umræðu eftirfylgni æfinga heima við. Má einnig nefna aukna hlustun og notkun á diskum í mismunandi hraða til að spila með, bæði heima og í tímum. Oft koma til umræðu breyttar áherslur í þjóðfélaginu og viðhorf foreldra sem hafa áhrif á námsframvindu nemenda. Of algengt er nemendur séu settir í allt of mörg verkefni og hafi ekki tíma til að sinna öllu svo vel sé.

#### UMSAGNIR EFTIR VETURINN

Allir nemendur og foreldrar fá í hendur umsögn eftir veturinn þar sem lagt er mat á árangur og ástundun, samvinnu við foreldra, og gefið upp mætingarhlutfall í hóptíma.

## LOKAORÐ

Við þökkum fyrir veittan styrk á liðnu ári og fögnum því að hafa nú þjónustusamning til næstu þriggja ára. Okkur finnst miður að hafa ekki möguleikar á að efla starfið og bæta við nýjum Suzukihljóðfærum, svo sem flautu, gítar, kontrabassa eða orgeli. Fækkun nemenda síðustu ár til að mæta eiginfjártapi í hefur orðið til þess að skólinn er að sumu leyti orðinn óþægilega lítill, nýting húsnæðis er lakari og það koma göt í hópa, hópar eru fámennari. Æskilegt væri snúa þessarri þróun við næsta skólaár og fjölga um alla vega 10 nemendur og bæta við fleiri ungum fiðlukennarum. Það er kominn tími til að fara yngja upp í kennaraliðinu og um leið viljum við styrkja og styðja við efnilega kennara.

Á sínum tíma höfðu stjórnendur skólans fullan metnað til að búa til góðan skóla sem væri í samræmi við viðmið Reykjavíkurborgar um lágmark 150 nemendur. Síðan kom í ljós að skólayfirvöld Reykjavíkur deildu ekki þessum metnaði með okkur og aldrei hefur verið ljáð máls á auknum styrkjum vegna nemenda á miðstigi eða framhaldsstigi, enda þótt upphafleg úthlutun, sem enn er stuðst við þótt verklag hafi breyst, hafi eingöngu verið miðuð við nemendur á grunnstigi. Vissulega kæmi til greina að sameinast öðrum skóla, en þá viljum við líka tryggja að okkar eining, sem skilar frábærum árangri, verði ekki lakari á eftir, heldur sterkari. Stærri skólar skila meiri fjölbreytni og vissuleg hefðum við viljað bæta við fleiri Suzukihljóðfærum, en það er bara ekki mögulegt án aukinna styrkja. Hins vegar tel ég að það sé einkum mannauður og samheldni sem skilar árangri, en ekki stærðin. Til að skoða það væri hægt að skoða árangur í einstökum deildum stærri skóla. Tónskóli Sigursveins er stór í Reykjavík, en tónlistarkólarnir í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði eru ekki mikið minni. Skoða mætti einnig hvaðan þeir nemendur koma sem stunda nám við MÍT. Grunar mig að við eigum þar býsna hátt hlutfall miðað við höfðatölu!



Enn eru girðingar milli sveitarfélaga þegar um er að ræða nám fyrir grunn- og miðstig. Eitt nágrannasveitarfélag greiðir ekki fyrir Suzukinám í Reykjavík, og býður sjálft ekki upp á slíkt nám. Það væri óskandi að sveitarfélögin á suðvesturhorninu tækju sig saman og rifu niður girðingar á milli sveitarfélaga varðandi tónlistarnámið.

Við leggjum einnig til að Reykjavíkurborg skoði gæði þeirrar þjónustu sem skólar bjóða upp á og árangur skólanna. Hvers vegna má ekki mælanlegur árangur spila inni í úthlutun styrkja til skóla, í stað þess að einblína eingöngu á sögulegar hefðir? Vissulega getur slíkt orðið viðkvæmt og ýmis álitamál komið upp um hvernig skuli meta árangur, en þetta eru nú einu sinni sameiginlegir peningar skattborgaranna. Er ekki sjálfsagt er að reyna að nýta þá sem best?

Takk fyrir lesturinn!

Með bestu kveðjum,



Kristinn Örn Kristinsson, skólastjóri